

Starfsgreinaráð	Samgöngu- farartækja- og flutningsgreinar	
Starfsheiti	Bifvélavirki	Löggilt iðngrein
Dagsetning	7. október 2020	
Útgáfunúmer	1.0	

Starfalyising:

Bifvélavirki annast skoðun, viðhald, viðgerðir og bilanaleit á hvers kyns ökutækjum s.s. fólksbifreiðum, vörubifreiðum, vinnuvélum. Orkugjafar ökutækjanna eru fjölbreyttir s.s. bensín, dísil, gas og raforka. Hann vinnur aðallega á bifreiðaverkstæðum, skoðunarstöðvum, véla og tækjaverkstæðum, lager og varahlutasölum eða skyldum vinnustöðum.

Vegna örra tæknibreytinga í greininni hefur bifvélavirki til hliðsjónar upplýsingar framleiðanda, skoðunarhandbók, reglugerðir um gerð og búnað ökutækja og umferðarlög hverju sinni. Bifvélavirki hefur sérhæfða þekkingu á virkni hverskyns vél- og rafbúnaði ökutækja. Bifvélavirki notar viðeigandi mælitæki og verkfæri við störf sín, framkvæmir bilanaleit og viðgerðir. Hann býr yfir hæfni til að vinna sjálfstætt og getur leiðbeint öðrum.

Hæfnikröfur:

Metur, greinir og lagfærir allar algengustu bilanir helstu gerða ökutækja, vinnuvéla og eftirvagna.

Gerir við eða skiptir um slitna eða bilaða hluti í helstu gerðum ökutækja, vinnuvéla og eftirvagna ásamt því að framkvæma reglulegar ábyrgðar og viðhaldsskoðanir til að tryggja endingu ökutækis.

Hefur umferðaröryggi, ástand, útlit og notagildi ökutækisins að leiðarljósi í viðgerðum.

Hefur til hliðsjónar við verk sín umferðarlög, lög og reglugerðir um hættuleg efni og vinnubrögð og um gerð og búnað ökutækja.

Ráðleggur viðskiptavinum um mögulegar viðgerðir út frá öryggi og hagkvæmni en tekur jafnframt tillit til óska þeirra eins og skylt er samkvæmt lögum um neytendavernd.

Gerir kostnaðaráætlun áður en viðgerð og viðhaldsvinna hefst. Skráir vinnuskýrslu og verklýsingu, meðal annars í ferilskrá ökutækis og heldur bókhald þannig að sjá megi jafn óðum hver staða verkefnis er miðað við kostnaðaráætlun.

Getur leyst verkefni sín með aðstoð tækni og viðgerðarupplýsinga framleiðenda á íslensku og ensku.

Vinnur á öruggan hátt í háspenntum ökutækjum.

Vinnur að bilanagreiningu, viðhaldi og stillingu (kvörðun) öryggisskynjara ökutækja sem og búnaðar sjálfökuhæfra ökutækja.

Uppfyllir kröfur opinberra aðila um kvörðun tækja, hæfni og vottun við vinnu með sérhæfðan búnað.

Fylgir kröfum um umhverfisvernd, flokkar, skilar og sýnir ábyrga umhverfisvitund.

Á góð samskipti við samstarfsmenn og viðskiptavini og hefur tileinkað sér kurteisi, snyrtimennsku, þjónustulund og umburðarlyndi.

Þekkir rekstur, skipulag og uppbyggingu fyrirtækja, þekkir stofnanir í greininni og gerir sér grein fyrir hlutverki þeirra.

Fylgir lögum um vinnuvernd, tryggir öryggi sitt og annarra á vinnustað, er fær um að beita skyndihjálpi í kjölfar slyss eða óhapps.

Þekkir og getur unnið eftir gæðakerfi.

Ber ábyrgð á eigin starfsþróun, er fær um að tileinka sér nýjungar og hagnýta þá þekkingu í starfi.

Sýnir fagmennsku og siðferðisvitund og starfar í samræmi við siðareglur greinarinnar og vinnustaðarins.